



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 20. október 2021 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni frá síðasta fundi og það sem framundan er. Fram kom að sveitarstjóri hafi átt samtalið við forstjóra Rarik til þess að ræða afhendingu á heitu vatni á Skagaströnd og stefnt sé á fund á næstu dögum. Skýrsla sveitarstjóra var flutt munnlega og til kynningar.

2. Rekstraryfirlit janúar-ágúst og framkvæmdayfirlit janúar-september

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir tímabilið janúar-ágúst 2021 og framkvæmdayfirlit vegna tímabilsins janúar-september 2021 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Fram kom að rekstrarniðurstaða tímabilsins sé um 20 m.kr. betri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir. Yfirlitið var lagt fram til kynningar.

3. Minnisblað Vegagerðarinnar – Umferðaröryggi á Skagaströnd

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Vegagerðinni þar sem lagðar eru fram tillögur að úrbótum á Skagastrandarvegi á Skagaströnd en tillögurnar hafa það að markmiði að auka umferðaröryggi á veginum um þéttbýlið. Fram kemur að starfsmenn Vegagerðarinnar hafi farið í vettvangsferð um svæðið þann 18. maí síðastliðinn til þess að framkvæma úttekt en var það gert í kjölfar fundar með sveitarstjóra þar sem óskað var eftir úrbótum í sveitarfélaginu. Þær aðgerðir sem settar eru fram í minnisblaðinu miða að því að hámarkshraði sé virtur og að því að bæta öryggi óvarinna vegfarenda. Lögð er áhersla á



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

mikilvægi þess að hafa fáar en vel staðsettar og vel útfærðar gönguþveranir og tengingar við veg. Sveitarstjórn fór yfir framlagt minnisblað og fagnar því að úttektin hafi verið framkvæmd þar sem brýn þörf sé á úrbótum. Var sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með Vegagerðinni og koma með frekari ábendingar varðandi útfærslur á úrbótum.

4. Persónuverndarstefna Sveitarfélagsins Skagastrandar

Fyrir fundinum lá uppfærð persónuverndarstefna sveitarfélagsins sem lögð var fram til samþykktar. Var sveitarstjóra falið að undirrita hana og birta á heimasíðu sveitarfélagsins.

5. Sameiningarmál

a. Niðurstöður íbúakönnunar

Sveitarfélögin Skagabyggð og Skagaströnd ákváðu að framkvæma skoðanakönnun til þess að kanna hug íbúa til þess að taka upp formlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna. Gagnaöflun fór fram dagana 22. til og með 30. september sl. og var könnun framkvæmd sem símakönnun.

Úrtakið samanstóð af Íslendingum 18 ára og eldri búsettir í Sveitarfélaginu Skagaströnd og Skagabyggð sem ekki voru bannmerktir í þjóðskrá.

Spurt var:

Viltu þú að Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd taki upp formlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna?

Niðurstaða í Skagabyggð:

Já: 26 þátttakendur eða 48%

Nei: 25 þátttakendur eða 46%

Veit ekki: 2 þátttakendur eða 4%

Vil ekki svara: 1 þátttakandi eða 2%

Niðurstaða á Skagaströnd:

Já: 194 þátttakendur 92%

Nei: 11 þátttakendur 5%

Veit ekki: 5 þátttakendur 2%



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Vil ekki svara: 1 þátttakendur 0%

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Í ljósi afgerandi jákvæðrar niðurstöðu úr íbúakönnun hjá íbúum Skagastrandar óskar sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar eftir því að hefja formlegar viðræður við sveitarstjórn Skagabyggðar um sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Er óskað eftir því að sveitarstjórn Skagabyggðar taki afstöðu til beiðninnar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum

Var sveitarstjóra falið að senda formlegt erindi til sveitarstjórnar Skagabyggðar í samræmi við framangreinda bókun.

b. Uppgjör vegna sameiningarviðræðna Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar

Fyrir fundinum lá uppgjör vegna vinnu við sameiningu sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu árin 2018-2021. Heildarkostnaður við verkefnið nam 39.538.926 kr. en heildartekjur verkefnisins námu 36.100.000 kr. Tap verkefnisins nam því 3.438.926 kr. sem skiptist milli sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu skv. íbúafjölda 1. janúar 2021. Hluttur Sveitarfélagsins Skagastrandar nemur 857.905 kr og er vísað til viðauka við fjárhagsáætlun.

6. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar færð í trúnaðarbók.

7. Bréf

a. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 16. september 2021

Efni: Úttekt á Slökkviliði Skagastrandar 2021

Með erindinu er farið yfir úttekt HMS á Slökkviliði Skagastrandar sem var framkvæmd þann 23. ágúst 2021. Áréttað er að sveitarstjórn bregðist við og framkvæmi nauðsynlegar úrbætur. Sveitarstjóri og oddviti greindu frá góðum og gagnlegum fundi með forsvarsmönnum brunavarnarviðs HMS þar sem útbúin var



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

aðgerðaráætlun með áherslupunktum og hafa úrbætur hafist. Mikil ánægja er með gott samstarf við HMS í tengslum við verkefnið. Var úttekt lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Norðurár dags. 17. september 2021

Efni: Samþykkt tillaga um brennsluofn

Með erindinu er tilkynnt að svohljóðandi tillaga hafi verið samþykkt á aðalfundi Norðurár bs. vegna 2021:

„Aðalfundur Norðurár bs haldinn í Miðgarði 2. september 2021 samþykkir að fela stjórn byggðasamlagsins að vinna áfram að úttekt á möguleikum til að koma upp búnaði til að brenna dýrahæum sem falla til í landbúnaði sem og áhættuveffjum sem falla til hjá afurðastöðvum og óheimilt er að urða eða jarðgera. Fundurinn felur stjórn að stilla upp fjárfestinga- og rekstraráætlun fyrir brennslustöð á þeim forsendum sem kynntar hafa verið á fundinum og leggja fyrir aðal- eða eigendafund til endanlegrar samþykktar.

Fundurinn samþykkir jafnframt að beina því til sveitarstjórna á Norðurlandi sem hafa ekki nú þegar tekið upp reglubundna söfnun á dýrahæum og mótað gjaldskrá fyrir búffjárhald til að standa straum af því að taka það verkefni inn í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022. Fundurinn telur samstöðu sveitarfélaga á þjónustusvæði Norðurár bs um reglubundna söfnun og eyðingu dýrahæa vera eina af forsendum fyrir uppsetningu brennsluofnsins.“

Erindið var lagt fram til kynningar

c. Stjórnar SSNV dags. 24. september 2021

Efni: Haustþing SSNV 2021

Með erindinu er boðað til Haustþings SSNV 2021 sem fer fram á Blönduósi þann 22. október nk. Fulltrúar þingsins f.h. sveitarstjórnar verða Halldór Gunnar Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir.



d. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 7. október 2021

Efni: Þátttaka og framlög til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2022

Með erindinu er kynnt áætlun um stafræn verkefni á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga og áréttað mikilvægi þess að gera ráð fyrir nauðsynlegum framlögum til verkefna í tengslum við stafræna þróun við gerð fjárhagsáætlunar 2022.

e. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 11. október 2021

Efni: Breyting á reglugerð 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga

Með erindinu er tilkynnt breyting á ákvæðum reglugerðar nr. 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga. Erindið var lagt fram til kynningar.

f. Soroptimistaklúbbsins við Húnaflóa dags. 12. október 2021

Efni: Styrkbeiðni – Stelpur geta allt.

Með erindinu er óskað eftir styrk vegna verkefnisins „Stelpur geta allt“. Markmið námskeiðsins er að styrkja sjálfsmynd ungra stúlkna. Sveitarstjórn samþykkti að veita styrk til verkefnisins að upphæð 100.000 kr. sem verður fært af liðnum félagsmál (0219-9991).

g. Sveitarfélagið Skagafjörður dags. 12. október 2021

Efni: Stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar vegna byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir fatlað fólk á Blönduósi og Sauðárkróki.

Með erindinu er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess að stofna húsnæðissjálfsseignarstofnun sem hefur það að markmiði að standa fyrir uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í samræmi við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Skv. lögnum skal fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum bjóðast aðrir búsetukostir. Fram kom að mikil umræða hafi átt sér stað varðandi verkefnið og það hafi verið afstaða framkvæmdaráðs sem starfar skv. gildandi samstarfsamningi um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra að ráðast þurfi í framangreindar úrbætur hið fyrsta. Sveitarstjórn tekur því heilshugar undir að ráðist verði í stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar á grundvelli þess samstarfs sem ríkir um þjónustu



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

við fatlað fólk á svæðinu og felur sveitarstjóra að vinna áfram að verkefninu á vettvangi framkvæmdaráðs.

h. Umhverstofnun dags. 15. október 2021

Efni: Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Spákonufellshöfða

Með erindinu er óskað eftir samstarfi við sveitarfélagið um gerð verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Spákonufellshöfða. Þá er óskað eftir því að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um gerð áætlunarinnar. Sveitarstjórn tilnefnir sveitarstjóra í samstarfshópinn.

i. Jóhanna Sigurjónsdóttir dags. dags. 16. október 2021

Efni: Styrkbeiðni

Með erindinu er óskað eftir styrk fyrir hönd Feel Fine ehf. í formi afnota af húsnæði vegna stofnunar á heildsölu með snyrtivörur sem starfrækt er á Skagaströnd. Óskað er eftir húsnæði undir vörulager endurgjaldslaust í eitt ár. Sveitarstjórn tók vel í erindið og fól sveitarstjóra að vinna að málinu.

8. Fundargerðir

a. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 16. september 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 24. september 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar SSNV dags. 5. október 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

9. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:35


Halldór G. Ólafsson


Péturína Laufey Jakobsdóttir



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir


Róbert Kristjánsson


Guðmundur Egill Erlendsson


Kristín B. Leifsdóttir


Alexandra Jóhannesdóttir

